

Fundargerð
13. fundur stjórnar Fiskeldissjóðs
16. september 2021, kl. 10:00

Fundarstaður: Í húsnæði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins

Fundarmenn: Haraldur, Álfheiður, Kjartan, Hallveig.

Fundartími: 10:00-12:00

Dagskrá:

1. Frágangur fundargerða.

Rætt var um frágang fundargerða.

Afgreiðslu frestað.

2. Minnisblað um styrkhæfi sveitarfélaga.

Tekið fyrir minnisblað Þorsteins Einarssonar, lögmanns hjá Forum, dags. 15.09 2021 varðandi styrkhæfi sveitarfélaga. Fundarmenn ræddu lögfræðilít sem óskað var eftir (sjá viðhengi 1). Álitið var á þann veg að öll sveitarfélög sem sendu inn umsóknir væru styrkhæf.

Tekin var ákvörðun um að fylgja lögfræðilítinu og var í framhaldi af því farið yfir viðkomandi tvær umsóknir.

3. Viðbótargögn.

Lögð fram umbeðin viðbótargögn frá einum umsækjanda. Stjórn sjóðsins taldi viðbótargögnin vera fullnægjandi til að taka afstöðu til umsóknarinnar.

4. Yfirferð umsókna haldið áfram.

Lokið var að fara yfir umsóknir, stjórn sjóðsins tók ákvörðun um að veita eftirfarandi fimm umsækjendum styrk árið 2021:

- Leikskóli í Fjarðabyggð (Eskifirði) samtals að fjárhæð 42.589.578.
- Vatnsveita í Ísafjarðarbæ (Súgandafirði) samtals að fjárhæð 20.439.408.
- Fráveita í Múlaþingi (Djúpavogi) samtals að fjárhæð 28.064.925.
- Fjarlægja vatnslögn úr asbesti í Vesturbyggð (Bíldudal) samtals að fjárhæð 6.929.723.
- Vatnsöryggi í Vesturbyggð (Patreksfirði) samtals að fjárhæð 6.982.366.

5. Verkefni sem þarf að vinna í framhaldi af afgreiðslu umsókna:

a) Aðlaga samninga að hverjum styrkþega (stjórn og starfsmaður) og ganga frá samningi við styrkþega (starfsmaður).

b) Aðlaga bréf til styrkþega (stjórn og starfsmaður) og senda út (starfsmaður). Væntanlega áður en úthlutun verður tilkynnt opinberlega.

- c) Aðlaga bréf til umsækjendur sem fengu ekki styrk (stjórn og starfsmaður) og senda út (starfsmaður). Væntanlega áður en úthlutun verður tilkynnt opinberlega.

Frestað.

Ákveðið var að boða til næsta fundar 17.09.2021.

Fleira var ekki rætt. Fundi slitið 12:00.

Fundargerð ritaði Hallveig Ólafsdóttir.

Viðhengi 1:

MINNISBLAÐ

Að beiðni formanns Fiskeldissjóðs hef ég tekið saman neðangreint álit mitt á skilyrðum þess að sveitarfélag geti átt rétt á styrk úr sjóðnum.

Við gerð minnisblaðs þessa koma einkum til skoðunar lög um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð nr. 89/2019, sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, reglugerð um Fiskeldissjóð nr. 781/2021, úthlutunarreglur Fiskeldissjóðs og starfsreglur stjórnar Fiskeldissjóðs.

Samkvæmt 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 ráðast staðarmörk sveitarfélaga af útmerkjum þeirra fasteigna, sem innan þeirra liggja. Í því felst almennt, að ytri mörk sveitarfélaga til hafsins miðast við netlög sem eru 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar, sbr. athugasemdir 4. gr. frumvarps er varð að lögum nr. 138/2011.

Af lögum nr. 89/2019 verður ekki ráðið að það sé skilyrði fyrir því að sveitarfélag geti átt rétt á styrk úr sjóðnum að sjókvíaeldi sé stundað innan marka sveitarfélagsins, þ.e. á svæði sem er innan 115 metra frá stórstraumsfjöruborði landareignar í sveitarfélaginu. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 82/2019 hefur Fiskeldissjóður það hlutverk „að styrkja uppbyggingu innviða þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað og þar með samfélög og stoðir atvinnulífs á þeim svæðum.“ Í reglugerð um sjóðinn er fyrrgreint hlutverk sjóðsins áréttað og segir í 2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar að styrkir úr sjóðnum séu ætlaðir sveitarfélögum til verkefna sem séu til þess fallin að byggja upp innviði og þjónustu á þeim svæðum þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað. Í 8. gr. reglugerðarinnar segir að stjórn sjóðsins skuli leggja faglegt mat á umsóknir og forgangsraða verkefnum í samræmi við hlutverk sjóðsins samkvæmt lögum og áherslur hans hverju sinni. Þá skuli stjórn sjóðsins við mat á umsóknum leggja áherslu á þörf fyrir uppbyggingu innviða og þjónustu á „umsóknarsvæðum“ og raunhæfni áætlana. Þá er mælt fyrir um í 4. gr. úthlutunarreglna sjóðsins að stjórn sjóðsins skuli leggja mat á markmið verkefna með tilliti til tilgreindra mælikvarða samkvæmt reglunum og þá skuli stjórnin líta til þátta er varða uppbyggingu innviða og þjónustu á „umsóknarsvæðum.“ við mat á umsóknum.

Samkvæmt fyrrgreindum lögum um Fiskeldissjóð, reglugerð um sjóðinn og úthlutunarreglum er hlutverk sjóðsins, eins og áður segir, að styrkja uppbyggingu innviða í sveitarfélögum og stoðir atvinnulífs á þeim svæðum er fiskeldi í sjókvíum er stundað. Í þeim lögum og þeirri reglugerð er ekki mælt fyrir um að skilyrði sé fyrir styrkveitingu til sveitarfélags að fiskeldi sé

stundað í sjókvíum innan marka þess sveitarfélags. Þvert á móti er mælt fyrir um það hlutverk sjóðsins að styrkja innviði, samfélög og stoðir atvinnulífs á þeim svæðum, þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað. Ekki er finna skilgreiningu í lögunum og reglugerðinni hvað felst í orðunum, svæði þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað. Það er álit mitt að ekki sé rétt að túlka löginn svo þröngt að þau heimili sjóðnum aðeins að veita styrki til sveitarfélaga, þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað innan marka viðkomandi sveitarfélags. Ef sú túlkun yrði ofan á mætti ekki veita sveitarfélagi styrk úr sjóðnum til uppbyggingar innviða og styrkingar atvinnulífs í því sveitarfélagi vegna fiskeldis í sjókvíum rétt fyrir utan mörk netlaga viðkomandi sveitarfélags. Með orðinu „svæðum“ í ákvæðum laganna og reglugerð er öðrum sveitarfélögum en þeim, þar sem fiskeldi er stundað innan marka sveitarfélags, gert mögulegt að sækja um styrki úr sjóðnum til uppbyggingar innviða, samfélags og stoðir atvinnulífs í tengslum við uppbyggingu fiskeldis á svæðinu. Það er álit mitt að það sé hlutverk stjórnar sjóðsins að leggja mat á hvort sveitarfélag sem sækir um styrk sé innan svæðis, þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað, í skilningi laganna og að stjórn sjóðsins beri við það mat að horfa til þess hvort þörf sé fyrir uppbyggingu innviða og þjónustu í viðkomandi sveitarfélagi vegna fiskeldis í sjókvíum og í hvaða mæli sé þörf á uppbyggingu m.a. með tilliti til legu sveitarfélags gagnvart fiskeldi í sjókvíum. Stjórnin skal leggja faglegt mat á umsóknir í samræmi við lög sem gilda um sjóðinn, reglugerð um sjóðinn og úthlutunarreglur og skulu málefnaleg rök ráða ákvörðun stjórnar um að veita styrki og fjárhæð styrkja, sbr. ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Framangreindir minnispointar eru ekki tæmandi um álitafnið og er ég reiðubúinn að vinna ítarlega greinargerð um málið ef þess er óskað.

Reykjavík, 15. september 2021


Þorsteinn Einarsson, hrl